


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	16090048	Ábmr.	H6
Máttal.	11.3.1	Aðrir	65P
Mótt.	29.11.2016		
Aths.			

Fjallabyggð



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Siglufirði, 23. nóvember 2016
Nr. erindis 1609039 / GIB

Bæjarráð Fjallabyggðar tók til umfjöllunar á fundi sínum 22. nóvember 2016, úthlutun byggðakvóta.

Samkvæmt reglum þarf bæjarstjórn að óska eftir því við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að sett séu sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins fyrir 30. nóvember 2016. Samkvæmt niðurstöðum ráðuneytisins varðandi úthlutun byggðakvóta til sveitarfélagsins fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 koma 135 þorskígildistonn til ráðstöfunar í Ólafsfirði og 62 þorskígildistonn til Siglufjarðar, sem er skerðing um 114 þorskígildistonn frá síðustu úthlutun.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:


Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skulu öll skip og bátar sem uppfylla ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar eiga rétt á 2.000 þorskígildiskílóa úthlutun óháð afla þeirra á fiskveiðiárinu 2015/2016. Auk þess skal því aflamarki sem eftir stendur skipt hlutfallslega milli sömu skipa og báta miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, þó ekki hærra en 20% af því sem eftir stendur, en að hámarki 20 þorskígildistonn.

b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður áfram:

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður áfram:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.



Jafnframt var lögð fram til kynningar staða á veiddum byggðakvóta vegna síðasta fiskveiðiárs.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Afgreiðsla bæjarráðs er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Fjallabyggðar og verður þér gert viðvart verði afgreiðsla á annan veg í bæjarstjórn heldur en hér er tilkynnt.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar


Gunnar Ingi Birgisson
bæjarstjóri